

blað STÉTTARFÉLAGANNA





Blað stéttarfélaganna er gefið út af
SFR stéttarfélagi í almannajónustu og
Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar

Ábyrgðarmenn

Árni Stefán Jónsson,
formaður SFR
Garðar Hilmarsson,
formaður St.Rv.

Umsjón með útgáfu

Guðmundur Rúnar Árnason

Prófarkalestur

Stefanía Helga Skúladóttir

Forsíðumynd

Halldór Baldursson

Umbrot og prentun

Guðjón Ó – vistvæna prentsmiðjan



Skrifstofur félaganna

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar

Grettsigata 89
105 Reykjavík
Sími: 525 8330
Netfang: strv@bsrb.is
www.strv.is

SFR stéttarfélag í almannajónustu

Grettsigata 89
105 Reykjavík
Sími: 525 8340
Netfang: sfr@sfr.is
www.sfr.is

Efni blaðsins

- 2 Leiðarinn
- 3 Samkeppni um nafn
- 4 Afgerandi niðurstaða
í atkvæðagreiðslu um sameiningu
- 5 Aðventukvöld
- 6 45. þing BSRB
- 9 Desemberuppbót
- 11 Þvert á þróun síðustu ára
- 12 Kjararáðstefna
- 14 Mjög pólitísk–segir Sonja Ýr
- 17 Ofbeldi og einelti í heimi vinnunnar
- 20 Mikil fjölgun og aukið álag
- 22 Matgæðingurinn
- 23 Páskaúthlutun í Spánaríbúðir
- 24 Afleiðing af sveltistefnu stjórnvalda
- 25 Myndagáta
- 26 Krossgáta og þrautir



Leiðari

Stórt skref var stigið í félagssögu launafólks á opinberum vinnumarkaði þegar félagsmenn í Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar og SFR samþykktu sameiningu félaganna. Niðurstaðan í allsherjaratkvæðagreiðslu um sameininguna var afgerandi. Við erum þakklátir félagsmönnum þann mikla áhuga sem þeir sýndu sameiningunni með því að mæta á fundi og taka þátt í umræðum og síðan atkvæðagreiðslunni sjálfri.

Aðdragandinn að þessu stóra skrefi hefur verið alllangur. Félögin hófu samstarf fyrir um 20 árum með það fyrir augum að styrkja sig sem félags-einingar og ná betri stöðu félagsmanna gagnvart viðsemdendum. Sameining var ekki upphaflegt markmið með samstarfinu. Síðan hefur eitt leitt af öðru. Ákveðin vatnaskil urðu þegar stjórnir félaganna funduðu sameiginlega fyrir tveimur árum. Þá komust málin á hreyfingu og við fórum að velta fyrir okkur spurningunni af hverju við værum ekki í sama félaginu.

Í framhaldi af fleiri fundum með stjórnnum og trúnaðarmönnum var ákveðið að láta á það reyna í allsherjaratkvæðagreiðslu hvort hinn almenni félagsmaður væri sama sinnis. Þá hófst mikil vinna við að kynna hvað fælist í sameiningu. Það gerðum við á mörgum tugum funda á vinnustöðum og í húsaþyknum félaganna, á vefnum og prentuðu útgáfuefni. Á þessum fundum kom berlega í ljós að það voru ekki allir á einu máli um ágæti þessara áforma. Þetta var einkum áberandi framan af en átti eftir að breytast eftir því sem fleiri fundir voru haldnir og umræðan þroskaðist. Því meira sem málið var rætt og krufið, því fleiri lögðust á sveif með þeim sem studdu sameiningu.

Fyrir okkur sem stóðum í stafni og kynntum hugmyndirnar fyrir félagsmönnum var þessi vinna ákaflega lærdómsrík og ánægjuleg. Hún sýndi okkur, þveröfugt við það sem oft er haldið fram að verkalýðshreyfingin sé deyjandi afl þjakað af áhugaleysi félagsmanna, að hinn félagslegi andi lifir góðu lífi. Hún sýndi okkur einnig að grundvallarsjónarmið verkalýðshreyfingarinnar um jöfnuð og réttlæti lifa góðu lífi. Ef við höfum verið bjartsýnir í aðdraganda atkvæðagreiðslunnar erum við það ekki síður eftir hana. Ef rétt er á málum haldið á sameinað félag að geta orðið eitt af sterkustu verkalýðsfélögum landsins.

Ábyrgð okkar í forystunni er mikil

Málinu er samt langt því frá lokið. Framundan er mikil vinna við að smíða lög sameinaðs félags, ásýnd, skipurit og skipulag starfsins, svo fátt eitt sé nefnt. Efnt verður til samkeppni um nýtt nafn á félagið og er sú samkeppni kynnt hér í blaðinu. Næsta stóra skrefið í sameiningarferlinu eru síðan aðalfundir félaganna sem áformað er að halda í lok janúar. Þar verða niðurstöður atkvæðagreiðslu, í hvoru félagi fyrir sig, staðfestar og sameiningin þar með formlega staðfest.

Um leið og sameining er ákveðinn lokapunktur á ferli markar hún ekki síður nýtt upphaf. Upphaf hins sameinaða félags. Félags sem byggir á öllum þeim góðu hefðum og eiginleikum sem þróast hafa í gömlu félögunum. Um leið gefur sameining okkur tækifæri til að endurnýjast og verða enn sterkari eining í baráttunni fyrir bættem kjörum og betra samfélagi.

Ábyrgð okkar í forystunni er mikil og við nálgumst hana af auðmýkt. Á kynningarfundunum fengum við stundum að heyra að sumir félagsmenn hefðu áhyggjur af því að kostir nálægrar forystu og almennra félagsmanna gætu glatast. Þetta voru raunverulegar áhyggjur og þær eiga fullan rétt á sér. Það er okkar að tryggja að þessar áhyggjur verði ástæðulausar, ekki bara okkar í forystunni, heldur okkar allra því við stefnum að því að nýtt félag verði ekki bara öflugt heldur öflugra en forverarnir. Það er okkar allra að sýna fram á að við höfum haft rétt fyrir okkur varðandi sameininguna. Það gerist ekki af sjálfu sér. Við skorum á ykkur félagar góðir að taka þátt í þessari endurnýjun með okkur.

Aðalfundir í lok janúar

Eins og kunnugt er ákváðu félagsmenn SFR og St.Rv. í allsherjaratkvæðagreiðslu, þann 9. nóvember síðastliðinn, að félögin skyldu sameinast. Í kjölfarið fór í gang margvísleg vinna hjá forystu félaganna og laganeftnd við drög að lagaramma sem ráðgert er að leggja fyrir aðalfundi félaganna í lok janúar á næsta ári. Félagsmenn eru hvattir til að mæta á fundina og taka þátt í mótun nýs félags.

Fundirnir sem verða opnir öllum félagsmönnum verða nánar auglýstir á heimasíðum félaganna þegar nær dregur.

Samkeppni um nafn



Það er mikilvægt að félagsmenn taki þátt í sem flestu um nýja félagið. Þess vegna var ákveðið að blása til samkeppni meðal allra félagsmanna St.Rv. og SFR um nafn.

Skilafrestur vegna hugmynda að nýju nafni er 14. janúar 2019. Dómnefnd fer yfir hugmyndirnar og velur besta nafnið. Ef dómnefndin telur fleira en eitt nafn koma til greina þá getur hún efnt til skoðanakönnunar meðal félagsmanna.

Dómnefndin áskilur sér einnig rétt til að framlengja skilafresti ef þurfa þykir. Ef fleiri en einn eiga hugmyndina að vinningsnafninu verður dreginn út vinningshafi.

Í dómnefnd sitja fulltrúar úr báðum félögum og utanaðkomandi ráðgjafi.

Verðlaun fyrir hugmyndina sem verður valin:

Gjafabréf í flug að verðmæti 50 þúsund krónur og vikugisting í húsi eða íbúð félaganna á Spáni.

Hugmyndir að nafni er hægt að senda í tölvupósti á netfangið solveig@sfr.is, eða í bréfpósti.

Merkja þarf hugmyndina með eigin nafni, kennitölu, netfangi og síma, en nafni höfundar verður haldið leyndu fyrir dómnefndinni.

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar / SFR stéttarfélag í almannajónustu b/t Sólveig Sigr. Jónasdóttir Grettisgata 89 105 Reykjavík

Og merktu póstinn NAFN

Afgerandi niðurstaða í atkvæðagreiðslu um sameiningu

Aðalfundir í lok janúar og samkeppni um nýtt nafn

Félagsmenn SFR stéttarfélags og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar samþykktu sameiningu félaganna í allsherjaratkvæðagreiðslu sem fram fór 6. - 9. nóvember s.l. Meirihluti beggja félaga samþykkti sameiningu.

Í aðdraganda atkvæðagreiðslunnar var unnið mikið kynningar- og undirbúningsstarf í báðum félögum. Sameiginlegt kynningarefni var sent heim til allra félagsmanna þar sem farið var yfir það hvað kæmi til með að breytast með sameiningunni. Haldnir voru tugir kynningarfunda á vinnustöðum og í húsakynnum félaganna. Hundruð félagsmanna mættu á þessa fundi til að kynna sér málin og koma skoðunum og sjónarmiðum á framfæri.

Niðurstöður atkvæðagreiðslu

Alls tóku 40,75% félagsmanna SFR þátt í atkvæðagreiðslunni og féllu atkvæði þannig: 57,25% sögðu já en 37,07% sögðu nei, 5,68% tóku ekki afstöðu.

Hjá Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar féllu atkvæði þannig að 77,02% sögðu já en 17,56% sögðu nei, 5,42% tóku ekki afstöðu. Alls tóku 27,34% félagsmanna St.Rv. þátt í atkvæðagreiðslunni.

Nýtt upphaf

Í kjölfar atkvæðagreiðslunnar fór af stað mikil vinna við ýmsar útfærslur á starfsemi sameinaðs félags. Að ýmsu er að hyggja varðandi samræmingu laga, gera þarf nýtt skipurit fyrir skrifstofu og starfslið og samræma og sameina bókhald. Því til viðbótar þarf að huga að ýmsu sem varðar útgáfuefni og heimasíðu og fleira. Síðast en ekki síst þarf að velja sameinuðu félagi nýtt nafn.

Í lok janúar verða síðan haldnir aðalfundir félaganna. Þeir verða opnir öllum félagsmönnum og á þeim verður niðurstaða atkvæðagreiðslunnar lögð fram til endanlegrar staðfestingar.

Meðfylgjandi eru nokkrar myndir frá kynningarfundum um sameininguna.





Vel sótt aðventukvöld

Aðventukvöld SFR og St.Rv. var haldið í lok nóvember. Fyrir marga félagsmenn markar aðventukvöld félaganna upphafið að jólaaðventunni. Góðir gestir komu í heimsókn. Svavar Knútur spilaði og söng og rithöfundarnir Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, Þórdís Gísladóttir og Lilja Sigurðardóttir lásu upp úr nýútkomnum bókum sínum. Þær reyndust hver annarri áhugaverðari. Dagskráin var vel sótt að venju og vel heppnuð eins og meðfylgjandi myndir bera með sér.





45. þing BSRB

Starfsamt þing og ný forysta

Þing BSRB var haldið á Hilton Hótel Nordica, 17. - 19. október sl., en það er hið 45. í röðinni.

Í setningarávarpi sínu sagði Elín Björg Jónsdóttir, fráfarandi formaður m.a.: „Við viljum gera allt sem við getum til að bæta lífskjör launafólks og til að bæta samfélagið okkar. Við höfum allar forsendur til að vera gott samfélag. Við búum í ríku landi með verðmætum auðlindum en einhverra hluta vegna gengur erfiðlega að skipta gæðunum með sanngjörnum hætti. Þeir sem lægst hafa launin ná ekki endum saman á meðan þeir sem best hafa það eru með mánaðarlaun á við árslaun almenns launafólks.“ Elín Björg sagði jafnframt að BSRB hefði ætíð lagt höfuðáherslu á að styrkja almannatjónustuna og gildi jöfnuðar og samtryggingar. Í ræðu sinni tæpti hún á mörgum þeim málum sem voru síðan til umfjöllunar á þinginu.

Í lok ræðu sinnar ítrekaði Elín Björg að hún gæfi ekki kost á sér til endurkjörs á þinginu. Síðan sagði hún: „Þó að ég sé mjög sátt við þá ákvörðun er einkennilegt til þess að hugsa að þetta sé í síðasta skipti sem ég sit þing BSRB. Ég er auðvitað afar þakklát fyrir það traust og þann stuðning sem ég hef fundið fyrir í mínum störfum fyrir bandalagið. Verkefnið hafa ekki alltaf verið auðveld en þau hafa öll verið mikilvæg í mínum huga.“

Þó að mikið verk hafi verið unnið hjá bandalaginu undanfarin ár er eðli starfsins þannig að þegar verkefnum lýkur taka önnur jafn mikilvæg við. Það mun því verða hlutverk nýrrar forystu sem



Stjórn BSRB fer með æðsta vald í málefnum bandalagsins milli þinga og aðalfundar. Hún stýrir starfsemi bandalagsins í samræmi við samþykktir BSRB og stefnumörkun þings, formannaráðs og aðalfundar. Í stjórninni sitja níu manns. Formaður BSRB er jafnframt formaður stjórnarinnar. Í henni sitja einnig fyrsti og annar varaformaður BSRB ásamt sex stjórnarmönnum sem kjörnir eru á þingi bandalagsins. Þá eru fjórir varamenn jafnframt kosnir á þingi BSRB.

Á þingi BSRB sem fram fór í Reykjavík í október 2018 var stjórn BSRB kosin til næstu þriggja ára.

Stjórn BSRB árin 2018-2021 er skipuð eftirfarandi einstaklingum:

Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB
Garðar Hilmarsson, 1. varaformaður BSRB
Arna Jakobína Björnsdóttir, 2. varaformaður BSRB
Árni Stefán Jónsson
Helga Hafsteinsdóttir
Jón Ingi Cæsarsson
Karl Rúnar Þórsson
Sandra B. Franks
Snorri Magnússon

Varamenn eru:

Þórveig Þormóðsdóttir
Rita Arnfjörð
Magnús Smári Smáráson
Birna Friðfinnsdóttir

Þið munið kjósa á föstudaginn að halda vinnunni áfram. Ég er algerlega sannfærð um að sú ákvörðun að gefa ekki kost á mér áfram er sú rétta, bæði fyrir bandalagið og fyrir mig sjálfa. Ég er jafn sannfærð um að þið munuð kjósa ykkur öfluga forystu sem verður ykkur og félagsmönnum okkar allra til mikils sóma.“

Þingið samþykkti allmargar ályktanir í mikilvægum málaflokkum. Stefna bandalagsins hefur í kjölfarið verið uppfærð að teknu tilliti til þessara ályktana.

Efnahags- og skattamál

Í ályktun um skattkerfið er lögð áhersla á að það sé nýtt sem jöfnunartæki. Það sé þrepaskipt og álögur á tekjulægstu hópana verði lækkaðar. Hvatt er til þess að skattbyrði taki mið af framfærslu og horfið verði frá gjaldtöku í velferðarkerfinu. Skoðað verði hvort taka beri upp stíglækkandi persónuafslátt. Þingið leggst gegn tekjutengingu bóta og lífeyrisgreiðslna hjá tekjulágum og krefst þess að barnabætur verði hækkaðar verulega og dregið verði úr tekjutengingu þeirra. Teknar verði upp samræmdar húsnæðisbætur í stað vaxta- og húsaleigubóta. Þingið telur mikilvægt að efla skattaeftirlit, enda geti það dregið úr skattaundanskotum og aukið tekjur ríkisins.

Félagslegur stöðugleiki

Í ályktun þingsins um félagslegan stöðugleika segir að hann sé forsenda velferðar og án hans verði ekki efnahagslegur



stöðugleiki. Þingið hvetur stjórnvöld til að sýna samfélagslega ábyrgð og forgangsraða í þágu uppbyggingar í velferðarkerfinu. Auka þurfi jöfnuð í samfélaginu og færa það nær norrænu velferðarsamfélagi. Bæta þurfi landsmönnum þær skerðingar sem hafi orðið eftir hrun bankakerfisins og sporna þurfi gegn afbrotum með því að efla löggæslu og tollgæslu. Þingið gagrýnir harðlega bónusgreiðslur til stjórnenda fyrirtækja, sérstök kaupaukakerfi og launagreiðslur sem séu ekki í neinu samræmi við raunveruleika almennings í landinu. Grípa verði í taumana því greiðslur af þessu tagi séu ógn við félagslegan stöðugleika og auki á ójöfnuð og óánægju í samfélaginu.

Þingið skorar á stjórnvöld að jafna aðgang landsmanna að almannapjónustu óháð efnahag og bæta samgöngur. Það eigi að vera eftirsóknarvert að búa á Íslandi og hér á að ríkja félagslegt öryggi og stöðugleiki þar sem fólk getur komið sér upp þaki yfir höfuðið og mætt afleiðingum af slysum, veikindum og atvinnu- missi.

Fæðingarorlof og dagvistun

Fjallað var um fæðingarorlof og dagvistun og þess krafist að bilið milli fæðingarorlofs og dagvistarúrræða verði brúað þegar í stað. Lögfesta þurfi rétt barna til dagvistunar að loknu fæðingarorlofi, samhliða lengingu fæðingarorlofs í 24 mánuði, sem skiptist jafnt á milli foreldra. Hámarksgreiðslur verði hækkaðar og tryggt að greiðslur upp að lágmarkslaunum verði ekki skertar. Einstæðum foreldrum verði tryggt 24 mánaða fæðingarorlof. Sérstök áhersla er lögð á tvíþætt markmið fæðingarorlofslaganna. Annars vegar að tryggja rétt barna til samvista við báða foreldra og hins vegar að stuðla að jafnrétti á vinnumarkaði. Hvorugu markmiðinu sé náð núna.

Heilbrigðismál

Þingið krefst breyttrar forgangsroðunar í þágu heilbrigðiskerfisins, enda sé það vilji mikils meirihluta landsmanna. Þjónustan eigi að vera rekin af hinu opinbera, það sé óásættanlegt að fjármunir sem eigi að fara í þjónustu við sjúklinga renni í vasa einkaaðila með arðgreiðslum. Byggja verði á jöfnu aðgengi óháð greiðslugetu. Heilbrigðiskerfið verði því fjármagnað með sameiginlegum sjóðum en ekki á grundvelli hagnaðarsjónarmiða í einkarekstri. Heilbrigðiskerfið eigi að vera án greiðsluþátttöku almennings, bæði hvað varðar nauðsynleg lyf og þjónustu. Efla þurfi heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni til að tryggja að íbúar í dreifðum byggðum séu jafn settir þeim sem búa í þéttbýli.

Húsnæðismál

Þingið hvatti stjórnvöld og sveitarfélög til að bregðast þegar við erfiðu ástandi á húsnæðismarkaði. Í því sambandi ættu stjórnvöld að líta til Bjargs íbúðafélags sem fordæmis og efla íbúðafélög sem rekin séu án hagnaðarsjónarmiða og bjóða upp á ódýra langtímaleigu. Þegar verði að bregðast við því ófremdar-ástandi sem ríki á húsnæðismarkaði með sérstakri innspýtingu. Húsnæðiskostnaður almennings ætti að jafnaði ekki að vera meira en þriðjungur af ráðstöfunartekjum, segir í ályktun. Jafnframt er rætt um húsnæðisstuðning, að hann skili sér til þeirra sem á þurfi að halda og að hann haldi verðgildi sínu þrátt fyrir verðlagshækkunarir.

Kjaramál

Í ályktun um kjaramál segir að það sé grundvallaratriði að launafólk geti lifað af dagvinnulaunum. Draga þurfi úr yfirvinnu en minna vinnuálag leiðir til þess að afköst starfsfólks aukast hlutfallslega. Þá segir enn fremur um styttingu vinnuviku: „Þingið krefst þess að lögfest verði að vinnuvika dagvinnufólks verði ekki lengri en 35 stundir og vinnuskylda í vaktavinnu verði 80 prósent af vinnutíma dagvinnufólks án launaskerðingar. Rannsóknir síðustu ára hafa varpað skýru ljósi á heilsuspillandi áhrif vaktavinnu og við því þarf að bregðast tafarlaust.“

Eyða þarf launamun milli opinbera vinnumarkaðarins og hins almenna í samræmi við samkomulag frá 19. september 2016 um lífeyrismál. Stíga verði ákveðin skref í þessa veru í næstu kjarasamningum og ganga frá samkomulagi um það hvernig launin verði endanlega jöfnuð á næstu árum. Samið verði um áframhaldandi launaþróunartryggingu þannig að launaskrið á almennum markaði fari sjálfkrafa til opinberra starfsmanna. Þingið gerir kröfu um að iðgjald í styrktar- og sjúkrasjóði hækki í eitt prósent af heildarlaunum, þar sem ásókn í sjóðina hafi aukist verulega, ekki síst vegna kulnunar og aukins álags í vinnu.

Kallað var eftir samstöðu annarra heildarsamtaka og stéttarfélaganna til að þrýsta á um aðgerðir til að útrýma launamun sem stafar af kynbundnum vinnumarkaði.

Þess var enn fremur krafist að fyrirkomulag vaktavinnu og vinnutíma vaktavinnufólks verði endurskoðað í heild og skilgreiningar samræmdar á milli kjarasamninga. Endurskoðunin nái einnig til fyrirkomulags bakvakta. Þingið krafðist þess enn fremur að starfsfólk sem tilheyrir þeim stéttum þar sem fólk þarf að hætta fyrir að vinna, fái rétt til snemmtöku lífeyris. Þetta verði fjármagnað sérstaklega með hærra mótframlagi atvinnurekenda í lífeyrissjóði.

Menntamál

Í ályktun um menntamál er þess krafist að starfs- og menntamálum starfsfólks á opinberum vinnumarkaði verði sinnt með markvissari hætti en nú er. Þar segir m.a.: „Símenntun starfsmanna verður að haldast í hendur við örar breytingar og nýjar kröfur sem gerðar eru til vinnandi fólks nú í upphafi fjórðu iðnbýltingarinnar. Skapa þarf virkar leiðir fyrir launafólk til að sækja sér starfs- og símenntun, samhliða störfum, án launaskerðingar. Þá verður að tryggja aðgengi þeirra að raunfærnimati og að náms- og starfsráðgjöf.“

Stytting vinnuvikunnar

Í sérstakri ályktun um styttingu vinnuvikunnar var hnykkt á því sem fram kom í kjaramálaályktun, og fjallað er um hér að framman, að 35 stunda vinnuvika verði lögfest. Bent er á að niðurstöður úr tilraunaverkefnum BSRB og ríkis og Reykjavíkurborgar hafi verið jákvæðar. Líðan starfsfólks sé betri og samskipti þess við vinnufélaga og innan fjölskyldna hafi batnað í kjölfarið. Starfsfólk hafi meiri orku og drifkraft og það dragi úr veikindum. Fólk skili sömu afköstum á skemmri tíma. Stytttri vinnuvika sé sérstaklega jákvæð fyrir fjölskyldur með börn og sé mikilvæg leið til að stuðla að jafnrétti kynjanna.

Umhverfismál

Þingið skorar á stjórnvöld að uppfylla þau markmið sem þau hafa skuldbundið sig til á alþjóðavettvangi og vinna með markvissum hætti að innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna í umhverfismálum. Jafnframt er skorað á sveitarfélög að bæta sorphirðu og flokkun af umhverfisástæðum. Hvatt er til þess að dregið verði úr notkun plasts og því beint til atvinnurekenda að þeir sjái til þess að starfsfólk búi við umhverfisvænar vinnuaðstæður. Því verði auðveldað að nota umhverfisvæna samgöngumáta í og úr vinnu og í vinnutíma, til dæmis með því að bjóða upp á samgöngustyrki og/eða aðgang að vistvænum farartækjum.

Þinginu slitið

Eins og áður hefur komið fram gaf Elín Björg ekki kost á sér til áframhaldandi formennsku. Tveir gáfu kost á sér, Sonja Ýr Þorbergsdóttir og Vésteinn Valgarðsson. Sonja Ýr hlaut 86,3% atkvæða.

Í lokaávarpi sínu á þinginu sagði nýkjörinn formaður meðal annars að þingið hafi mótað stefnu til þriggja ára sem verði leiðarljós fyrir verkefnin framundan. Hún sagði enn fremur:

„Við ætlum að tryggja að launafólk geti lifað af dagvinnulaunum, stytta vinnuvíkuna og berjast fyrir bættu starfsumhverfi okkar félagsmanna. Við ætlum líka að jafna launakjör milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins, tryggja áfram launaþróunartryggingu og bæta stöðu vaktavinnufólks svo eitthvað sé nefnt.“

Við þurfum að efla velferðarkerfið og halda áfram markvissri baráttu fyrir því að velferðin eigi að vera gjaldfrjáls. Þá munum við fylgja því eftir af festu að stjórnvöld ráðist í átak til að allir hafi aðgang að húsnæði á viðráðanlegum kjörum og tryggi að skattbreytingar og stuðningur stjórnvalda gagnist lág- og millitekjuhópum.

Eftir sem áður verður það hlutverk BSRB að vinna stöðugt að því að byggja upp betra samfélag. Þar verðum við að byggja á jöfnuði og félagslegu réttlæti.“

Áður en Sonja Ýr þakkaði þingfulltrúum samstarfið á þinginu og sleit því kallaði hún fráfarandi formann, Elínu Björgu Jónsdóttur, upp og þakkaði henni sérstaklega fyrir hennar framlag á undanförunum árum.

Í blaðinu er viðtal við Sonju Ýr, nýjan formann BSRB.

Ályktun þings BSRB um #metoo

„#metoo byltingin hefur skilað tímabærri vitundarvakningu um misrétti, kynbundna áreitni, kynferðislega áreitni og ofbeldi á vinnumarkaði og í einkalífi. Það er því áhyggjuefni að ekki virðist hafa orðið mikil breyting á menningunni. Meðvirkni með gerendum er enn ríkjandi og í skjóli valdastöðu njóta þeir iðulega enn vafans á meðan þolendur sæta tilfærslu í starfi eða jafnvel starfsmissi.

45. þing BSRB krefst þess að atvinnurekendur meti áhættuna af slíkri hegðun og innleiði áætlanir í samræmi við lagaskyldu. Þá þarf að ráðast að rótum vandans og vinna markvisst að því að uppræta valdamisræmi og jafna stöðu kynjanna innan vinnustaða. Reynslan sýnir að atvinnurekendur geta ekki gefið sér að áreitni og ofbeldi þrífist ekki á vinnustað eingöngu vegna þess að þögn ríkir um slíka hegðun á vinnustaðnum.

Þingið skorar á stjórnendur á öllum vinnustöðum að kanna vinnumenningu og þar með hvort starfsfólk hafi orðið fyrir kynbundinni áreitni, kynferðislegri áreitni eða ofbeldi á vinnustað. Jafnframt þarf að kanna hverjir eru gerendur og hvort þolendur hafa leitað sér aðstoðar vegna þessa.

Það er lykilatriðið að atvinnurekendur gefi skýrt til kynna að áreitni og ofbeldi verði ekki liðið á vinnustöðum og að ef slík mál koma upp verði þau strax tekin föstum tókum. Þá þarf einnig að tryggja að málin hafi ekki neikvæðar afleiðingar fyrir þolendur heldur séu gerendur látnir axla ábyrgð.

Öll eigum við rétt á að komið sé fram við okkur af virðingu og við berum öll ábyrgð á því að fylgja eftir aðgerðum til breytinga. Þannig verður ákall #metoo kvenna um bætt samfélag að veruleika.“



Gott að vita námskeiðin vinsæl

Gott að vita námskeiðin hafa verið afar vinsæl í haust eins og undanfarin ár. Í lok janúar næstkomandi munum við fara af stað með fleiri námskeið. Þau verða auglýst á Netinu þ.e. vefsíðum, vefpósti og facebook, en ekki í blaðinu, þar sem við áætluðum að blaðið verði ekki komið út fyrir en eftir að þau fyrstu hefjast. Þess vegna biðjum við ykkur um að fylgjast vel með.

Við treystum stöðugt meira á rafrænar leiðir til þess að koma upplýsingum til félagsmanna og þeir sem eru með nýtt netfang eða þeir sem ekki hafa fengið tölvupóst frá okkur eru vinsamlegast beðnir um að hafa samband við skrifstofur félaganna, eða fara inn á *Mínar síður* og bæta þar inn upplýsingum.

Myndirnar eru teknar á Ukulele námskeiði með Svavari Knúti.



Desemberuppbót

Starfsmaður sem er í starfi fyrstu viku nóvembermánaðar fær greidda desemberuppbót miðað við fullt starf tímabilið frá 1. janúar til 31. október.

Desemberuppbót er föst krónutala og tekur ekki hækkunum samkvæmt öðrum ákvæðum kjarasamningsins og skal hún greidd út eigi síðar en 15. desember 2018.

Hafi starfsmaðurinn gegnt hlutastarfi eða unnið hluta úr ári skal hann fá greitt miðað við starfshlutfall, sjá nánar í viðkomandi kjarasamningi. Tímavinnufólk á einnig rétt á desemberuppbót. Á desemberuppbót reiknast ekki orlofsfé. Tímavinnufólk þarf að hafa skilað 1504 dagvinnustundum á tímabilinu 1. janúar til 31. október til að fá 100% desemberuppbót.

Tímavinnustarfsmaður sem vinnur færri klukkustundir á tímabilinu fær greitt hlutfallslega samkvæmt því.

Hver er þinn vinnuveitandi?


Ríkið, SFV, SÁÁ, Vinakot, Klettabær, Isavía ohf, Fríhöfnin, Rarik, Ríkisútvarpið og sjálfseignarstofnanir **89.000 kr.**

Reykjavíkurborg, Ás styrktarfélag, Strætó, Faxaflóahafnir **97.100 kr.**

Orkuveita Reykjavíkur **103.300 kr.**

Sveitarfélögin & Innheimtustofnun sveitarfélaga **113.000 kr.**

Félagsbústaðir **118.037 kr.**



Nýttu þér SJÓÐFÉLAGAVEFINN

Við hvetjum sjóðfélaga okkar til að nýta sér sjóðfélagavefinn en á honum getur þú skoðað:

- Lífeyrisréttindi þín hjá sjóðnum
- Lífeyrisgreiðslur ef þú hefur þegar hafið töku lífeyri
- Lífeyrisgáttina þar sem má nálgast upplýsingar um réttindi þín í samtryggingarmálum

Sjóðfélagavefurinn nýtist lífeyrisþegum, þeim sem nálgast eftirlaunaaldur og þeim sem vilja hafa yfirsýn á hverjum tíma yfir þessi mikilvægu réttindi sín. Sjóðfélagavefurinn er aðgengilegur í gegnum heimasíðu sjóðsins, lifbru.is.

Sýslumannsembættin á landsbyggðinni sinna flest fjölbreyttum verkefnum og eru mikilvægir vinnustaðir. Breytingar á fyrirkomulagi innheimtu gætu haft veruleg áhrif á störf margra einstaklinga.



Nýjan tón kveður við í frumvarpi um að sami aðili leggi á, hafi eftirlit, og innheimti opinber gjöld. Gæti leitt til vanhæfis að mati Sýslumannsfélagsins.

Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp fjármálaráðherra til laga um fyrirkomulag við innheimtu skatta. Þar er gert ráð fyrir því að innheimtan á höfuðborgarsvæðinu færist frá Tollstjóraembættinu til Ríkisskattstjóra. Gert er ráð fyrir því að þeir starfsmenn sem í dag sinna þessum verkefnum hjá Tollstjóra, flytjist til Ríkisskattstjóra.

Þvert á þróun síðustu ára

Annars staðar á landinu er innheimta skatta hjá sýslumannsembættunum. Sýslumannsfélag Íslands sendi ítarlega umsögn um frumvarpið þar sem varað var við ýmsum hættum sem í því gætu falist.

Í umsögninni var m.a. bent á að það væri óheppilegt að sá, sem leggur á og hefur eftirlit og innheimtir opinber gjöld á höfuðborgarsvæðinu, sé einn og sami aðilinn. Vaknað geti spurningar um vanhæfi vegna þessa. Í umsögn Sýslumannsfélagsins kemur fram að þegar skipulagsbreytingar hafi verið undirbúnar og framkvæmdar á undanförunum árum, hafi verið reynt að horfa til þess að breytingarnar stuðli ekki að aukinni áhættu, m.t.t. vanhæfissjónarmiða og óheppilegrar samtvinnunar. Bent er á aðskilnað dóms- og framkvæmdavalds, aðgreiningu lögregluvalds og fullnustu og aðgreiningu valdheimilda lögreglu og sýslumanna. Til viðbótar er bent á aðgreiningu verkefna fjármálaeftirlits og sérstaks saksóknara, álagningar og skatt-rannsóknar og eftirlits og viðurlaga á ýmsum sviðum stjórnsýslunnar. Það hafi ekki þótt heppilegt að álagning og innheimta í ólíkum myndum hafi verið á sömu hendi. Með þeim áformum sem sé að finna í frumvarpinu virðist því kveða við nýjan tón.

Ekkert samráð haft

Í greinargerð með frumvarpinu er því haldið fram að breytingin auki hagræði og feli í sér sparnað. Það er tæpast rökstutt. Þvert á móti telja sýslumenn að það sé hagkvæmt og skilvirkt að aðilar „sem hafa sérhæft sig í áveðnum verkefnum sinni þeim. Af þeirri ástæðu hefur innheimta opinberra gjalda verið í höndum sérhæfðra innheimtumanna, sem hvorki sinna álagningu þessara sömu gjalda né eftirliti.“

Í umsögninni segir m.a.: „Jafnvel þótt ekki séu lagðar til breytingar nú á fyrirkomulagi innheimtu opinberra gjalda, sem sýslumenn annast, hafa með frumvarpinu verið lögð drög að breyttri skipan ríkisinnheimtu.

Alger óvissa ríkir því um frekari breytingar og forsendur slíkrar tillögu-gerðar í „næstu áföngum“ sem nefnd um aukna skilvirkni í skattframkvæmd, álagningu og innheimtu opinberra gjalda kann að boða.“

Í umsögninni kemur einnig fram að sýslumönnum þyki miður að ekki hafi verið haft samráð við innheimtumenn ríkissjóðs í héraði.

Sýslumannsfélagið bendir að lokum á að það sé óvíst að árangur innheimtu batni við að fela hana stærri stofnun. Félagið bendir í því sambandi á reynslu Dana sem nýlega virðast hafa horfið frá því að hafa eina miðlæga stofnun vegna innheimtu skatta.

Skref í átt að frekari breytingum?

Þó svo að frumvarpið sé ekki orðið að lögum, og þótt ekki sé gert ráð fyrir því að störf tapist við það að Ríkisskattstjóri taki við innheimtu-hlutverkinu á höfuðborgarsvæðinu af Tollstjóraembættinu, er full ástæða til að fylgjast vel með. Mörg dæmi eru um að með ráðstöfunum af þessu tagi fækki störfum með tímanum. Ekki sé ráðið í þau störf sem losna af einhverjum ástæðum. Þótt að þessu sinni sé einungis um að ræða breytingar á höfuðborgarsvæðinu er gert ráð fyrir því að í stað textans „Tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur“ komi Innheimtumenn ríkissjóðs. Það gæti bent til þess að þessi breyting sé einungis skref í átt að frekari uppstokkun, enda benda sýslumenn á að hér séu lögð drög að breyttri skipan ríkisinnheimtu. Verði innheimtan á landsbyggðinni færð frá sýslumönnum er veruleg hætta á að röskun verði á störfum ýmissa félagsmanna.

Vinna við kröfugerð á kjararáðstefnu félaganna

Undirbúningur vegna kjarasamninga kominn á fulla ferð



Launatekjur og fjármagnstekjur

Stefán og Kristinn fjölluðu báðir um mismunandi skattbyrði tekna. Skattaprósentan er mun hærri ef um er að ræða venjulegar launatekjur en til dæmis fjármagnstekjur í formi söluhagnaðar, leigutekna eða vaxtatekna. Því er mun hagstæðara í skattaumhverfi okkar í dag að vera eignafólk sem getur „látið peningana vinna fyrir sig“ en að tilheyra hópi launafólks. Stefán sagði að þetta væri ólíkt skattkerfi Norðurlandanna. Þar er jöfnunin mun meiri.




Undirbúningur vegna kjarasamninga er kominn á skrið. Félögin stóðu fyrir kjararáðstefnu á Grand hóteli þann 28. nóvember sl. þar sem saman komu m.a. trúnaðarmenn. Á ráðstefnunni voru rúmlega 100 manns sem tóku virkan þátt í vinnu til undirbúnings kröfugerð fyrir samningana. Flestir samningar eru lausir í lok mars nk. að undanskildum samningum við opinberu hlutafélögin, s.s. Fríhöfnina, RÚV, Rarik og OR.


Kristinn Bjarnason hagfræðingur BSRB og Stefán Ólafsson prófessor fluttu erindi á ráðstefnunni. Stefán fjallaði um áhrif stjórnvalda á kjör og kjarasamninga og sýndi meðal annars þróun tekjuskiptingar og áhrif skatta undanfarin ár. Þróunin hefur verið afar óhagstæð láglaunafólki og millitekjufólki og afkoma þeirra hefur almennt versnað. Skattbyrði þeirra lægst launuðu hefur aukist umtalsvert og vegur eyðilegging vaxta- og barnabóta-kerfisins þar þyngst. Á árunum 2014-2017 hefur skattbyrði láglaunaðra hjóna og sambúðarfólks (lægstu 10%) með 1-2 börn aukist um 7,6% á meðan hátekjufólk með 1-2 börn hefur notið lækkunar upp á 1,1% (hæstu 10%).

Vaxandi skattbyrði láglauna

- Rýrnun persónuafsláttar (skattleysismark) > Stærri hluti láglauna skattlagður



Mynd 1



Mynd 2

Heimild: Gögn frá forsætisráðuneytinu


Myndir 1 og 2

Myndirnar sýna annars vegar áhrif þess að persónuafsláttur hefur ekki fylgt launaþróun og breytingar á skattbyrði hátekjufólks og annarra árin 2014 - 2017.


Krónutöluhækkun eða prósentuhækkun

Kristinn Bjarnason, hagfræðingur BSRB, fór yfir þær kröfur sem liggja fyrir á almenna markaðnum og fjallaði um efnahagsumhverfið almennt og svigrúm til launahækkana. Hann ræddi einnig um jöfnun launa á milli markaða, en það er hluti samkomulags um lífeyrismálin. Áherslan á jöfnun launa milli markaða verður hluti af næstu kjarasamningagerð og myndaður hefur verið samráðshópur til að fjalla um það mál sérstaklega. Launaþróunartryggingin var einnig til umræðu en ekki er enn ljóst hvort eða hvaða hækkunir verða í okkar hópum vegna hennar í janúar 2019. Það er þó ljóst að hækkunirnar hafa verið og munu væntanlega verða áfram mismiklar eftir hópum opinberra starfsmanna.

Bæði Stefán og Kristinn töluðu um muninn á krónutöluhækkun og prósentuhækkun og ólík áhrif sem slíkar hækkunir hafa á mismunandi launaflokkum.



Mynd 3



Mynd 4

Myndir 3 og 4

Myndirnar sýna áhrif hækkunar upp á 40 þúsund kr. á mismunandi tekjur og áhrif á kaupmátt þessara tekjuhópa.

Að loknum erindum þeirra Kristins og Stefáns var fjallað um undirbúning kröfugerðar í blönduðum hópum og jafnframt unnið að frekari áherslum einstakra samningsaðila í smærri hópum. Afkastur ráðstefnunnar er mikið magn upplýsinga og samantekt sjónarmiða sem verða undirstaðan í kröfugerð félaganna fyrir kjarasamningana á næsta ári.



Mjög pólitísk

- en hef aldrei tekið þátt í stjórnmalastarfi
- segir Sonja Ýr Þorbergsdóttir, nýkjörinn formaður BSRB

Sonja Ýr Þorbergsdóttir var kjörin formaður BSRB á þingi sambandsins í október. Hún er með meistaragraðu í lögfræði frá Háskólanum á Bifröst og hóf störf sem lögfræðingur BSRB strax að námi loknu, rétt fyrir efnahagshrunið 2008. Hún hefur því verið lögfræðingur sambandsins í áratug, eða allt þar til hún var kjörin formaður á þinginu.

Sonja fæddist í Reykjavík en bjó sem barn bæði í Vestmannaeyjum og Svíþjóð. Í dag býr hún í Vogahverfinu í Reykjavík ásamt dætrum sínum sem eru 8 og 14 ára.

Viljinn til að breyta samfélaginu

Þrátt fyrir að Sonja Ýr hafi starfað á vettvangi BSRB í um áratug þá er þó nokkur munur á því að vera starfsmaður og því að vera kjörinn forystumaður tuttugu og tvöþúsund manna hreyfingar. Aðspurð hvað hafi orðið til þess að hún gaf kost á sér til þessa starfs segir Sonja að það sé e.t.v. ekki órókrétt miðað við það sem á undan sé gengið. Störf hjá verkafélögum séu um margt svo ólík öðrum störfum. „Það er þessi vilji til að stuðla að breyttu samfélagi. Það er það sem maður lærir þegar maður er hér, hvort sem maður er ráðinn eða kjörinn. Við höfum sterka rödd hjá BSRB og við getum lagt mikið til inn í umræðuna.“

Sonja tók þátt í íþróttastörfum á árum áður og var nemendafulltrúi í skólanum. „Ég hef samt aldrei verið í stjórnmálastarfi. Ég ákvað það af einhverjum ástæðum mjög snemma að ég vildi vera hlutlaus. Ég veit ekki enn þann dag í dag af hverju ég tók þá ákvörðun en hún situr samt sem áður mjög fast í mér. Samt er ég mjög pólitísk, en það er stéttarfélagspólitík en ekki flokkapólitík. Það er sú pólitík sem ég hef ánægju af og áhuga á.“ Hún segist samt sem áður ekki hafa neina sérstaka skoðun á því hvað aðrir gera í þessu sambandi og segist skilja vel að stjórnmál geti verið mikilvægur vettvangur fyrir fólk sem brennur fyrir hugsjónum, eins og til dæmis jöfnuði. „Ég fann það sem hentaði mér og mínum hugsjónum en aðrir velja sínar leiðir. Í BSRB eru félagsmenn úr öllum stjórnmálasmættum. Það sem við erum sammála um er að við viljum stuðla að betra samfélagi og hafa jöfnuð að leiðarljósi.“

Í dag eru 25 aðildarfélög í BSRB og þeim hefur fækkað lítillega á undanförunum árum með sameiningum. Nú hafa félagsmenn tveggja stórra félaga samþykkt sameiningu í allsherjaratkvæðagreiðslu. Sér Sonja fram á frekari sameiningar á næstu árum? „Það hefur verið aukið samstarf og samþjöppun hjá okkur eins og víða annars staðar í þjóðfélaginu. Í kjarasamningsgerðinni held ég að það sé mikilvægt að aðildarfélögin taki sig meira saman en verið hefur og ég hef á tilfinningunni að þau muni gera það. BSRB hefur lengi talað fyrir því að aðildarfélögin styrki sig með sameiningum til að búa til öflugri einingar. Uppbygging bandalagsins er þannig að aðildarfélög in okkar eru landsfélög, eftir sveitarfélögum eða fagstéttum sem starfa innan almannajónustunnar hjá ríki, sveitarfélögum, sjálfseignarstofnunum og félögum í eigu hins opinbera. Sameining tveggja stærstu aðildarfélaganna okkar mun ekki hafa áhrif á stjórnskipulag né stefnu BSRB sem er mótuð með þátttöku allra aðildarfélaganna á þingi BSRB á þriggja ára fresti. Þar er lögð áhersla á að stefnan endurspegli sameiginlega hagsmuni allra okkar félagsmanna. Það er svo hlutverk stjórnar, formannaráðs og skrifstofu BSRB að koma okkar sameiginlegu sýn til framkvæmda gagnvart stjórnvöldum og atvinnurekendum til að stuðla að því að fólk geti lifað af laununum sínum, auknum lífsgæðum og betra samfélagi. Þá grundvallarstefnu munum við áfram, öll vera sameinuð um. Það liggur hins vegar ekki fyrir hvernig sameiningin mun fara fram og hver áhrifin verða á stjórn og formannaráð BSRB. Garðar Hilmarsson, formaður Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, er fyrsti varaformaður BSRB og Árni Stefán Jónsson, formaður SFR, er í stjórn BSRB. Ég vonast til þess að BSRB muni áfram njóta krafta þeirra. En hvernig svo sem

tæknilegar útfærslur á þessari sameiningu verða, og öðrum, þá er það samstaðan sem skilar okkur stóru sigrunum, hvert svo sem formið á henni er.“

Náið samstarf við önnur heildarsamtök

Sonja segir jafnframt að þótt samstarf og samvinna eininganna innan BSRB sé náð og vaxandi sé einnig mjög mikið samstarf við önnur heildarsamtök launafólks. „Við vitum að það er samstaðan sem skilar okkur sigrunum og við höfum átt í miklu og góðu samstarfi við önnur heildarsamtök launafólks á undanförunum árum. Þar er nærtækt að líta á uppbyggingu Bjargs, íbúðafélags þar sem við höfum unnið þétt með félögum okkar í Alþýðusambandi Íslands. Við eigum auðvitað gríðarlega margt sameiginlegt með Alþýðusambandinu þótt áherslurnar séu stundum ólíkar. Við viljum tryggja almannaþjónustuna, heilbrigðisþjónustuna og gjaldfrjálsan aðgang að henni, og að hún sé rekin af hinu opinbera. Við rekum saman Félagsmálaskóla alþýðu og við höfum verið mjög samstíga í jafnréttismálum. Það er líka mikill samhljómur í okkar málflutningi og framkomnum kröfugerðum ASÍ félaganna um að fólk eigi að geta lifað af lægstu laununum.“ Hún bendir enn fremur á að mörkin milli opinbera og almenna vinnumarkaðarins séu ekki alltaf mjög skýr. Sum aðildarfélag BSRB semji við fyrirtæki sem eigi aðild að Samtökum atvinnulífsins. Síðan geri ýmis félög á almenna markaðnum kjarasamninga við viðsemjendur BSRB, ríki og sveitarfélög. „Þessi gömlu landamæri sem voru til staðar í gamla daga, eru ekki endilega þau sömu í dag. ASÍ er til dæmis með um 11 þúsund félagsmenn innan sinna aðildarfélag sem starfa á opinberum markaði.“

Samningar flestra BSRB félaga eru lausir í lok mars 2019 þótt nokkrir fylgi almenna markaðnum og séu með lausa samningum um áramót. Þau félög sem semji fyrst eru með tilbúna kröfugerðir en vinnan að hefjast hjá öðrum aðildarfélögum. „Ég held að það verði horft til kröfugerðar á almennum markaði en þá verður ekki síður beðið eftir því hvað stjórnvöld ætla að gera. Almennu hefur það tíðkast að samhliða kjarasamningsgerð á almennum og opinberum vinnumarkaði hefur verið gert samkomulag við stjórnvöld um atriði sem snúa að þeim. Krafan nú er að breytingar verði gerðar á skatt- og bótakerfinu og að gripið verði til aðgerða í húsnæðismálum. Við sjáum það svart á hvítu í skýrslu sem Gylfi Zoega hagfræðiprófessor vann fyrir stjórnvöld að góðærið hefur ekki skilað sér til allra. Við erum alltaf að tala um að fólk geti lifað af laununum sínum en það er svo margt annað sem hefur áhrif á það. Hvernig ætla stjórnvöld að búa til það umhverfi sem þarf til að þetta sé hægt? Í þeim samtölum sem við höfum átt við stjórnvöld höfum við lagt áherslu á jöfnuð og félagslegan stöðugleika. Við verðum til dæmis að gera breytingar á skattkerfinu fyrir barnafólk. Við erum fylgjandi þrepaskiptu skattkerfi og mótmæltum því harðlega þegar þriðja skattþrepið var lagt af. Annars viljum við líka stilla saman strengi með hinum heildarsamtökunum varðandi áherslur gagnvart ríkisvaldinu.“

Tökumst ekki á í fjölmiðlum

Það hefur varla farið fram hjá mörgum að það hafa verið allmikil átök í kringum mörg stéttarfélög og heildarsamtökin



á almennum vinnumarkaði á undanförunum misserum. Aftur á móti virðist BSRB og aðildarfélögin sigla lygnan sjó í þessu sambandi. „Í grunninn er sama ólga meðal félagsmanna gagnvart kjaramálum en ekki gagnvart forystunni að því er virðist. Það var ótrúlega góð stemning og samstaða á þinginu okkar. Það var gleði og beinlínis gaman á þinginu. Ég hef stundum verið að grínast með það eftir þingið að helsti ágreiningurinn hafi verið um orðalag í sambandi við grænmeti í ályktun um umhverfismál. Það sýnir dálítið hvað við göngum í takt. Ekki samt svo að skilja að við ræðum ekki málin og tökumst á. Við getum haft ólíkar skoðanir á markmiðum og leiðum en þegar við höfum náð saman um áherslurnar með lýðræðislegum hætti stöndum við saman um þá niðurstöðu.“

Sumir hafa velt því fyrir sér hvort rétt sé að huga að enn frekara samstarfi og jafnvel sameiningu BSRB og ASÍ. Gylfi Arnbjörnsson endaði t.d. ávarp sitt á BSRB þingi á því að segja að honum fyndist að það ætti að sameina þessi samtök. Sonja telur það þó varla á dagskrá á næstunni. „Ég hef ekki orðið vör við neina umræðu um það meðal okkar félaga. Ég er ekki viss um að það sé góður kostur. Félagar í okkar aðildarfélögum eru að mestu leyti að sinna almannatryggingunum. Það gilda ólíkar reglur hjá þessum samtökum að einhverju leyti og viðsejendur eru ólíkir. Það er mikill munur á þessum hópum og þeir búa við ólík réttindi og skyldur. Vissulega hefur verið ákveðin þróun í þessa veru á hinum Norðurlöndum þar sem einhverjar sameiningar hafa orðið eða eru að verða. Þessi umræða er aftur á móti ekki mjög lifandi hér. En samstarfið er engu að síður mjög gott og það er mikill hagur í því. Ég þekki vel til Drífu Snædal, nýs forseta ASÍ, og held að

okkur eigi eftir að ganga vel að vinna saman og vona að okkur gefist tími til þess. Við munum áfram standa þétt saman um kröfuna um að fólk geti lifað af dagvinnulauninum sínum og önnur grundvallarmál, s.s. húsnæðismál og jafnrétti. Síðan er ég að vonast til þess að við munum taka höndum saman varðandi styttingu vinnuvikunnar sem er eitt af forgangsverkefnum BSRB. Það er líka komið á dagskrá hjá ASÍ félögum.“

Sonja er að lokum spurð um hvað hún sjái fyrir sér sem mikilvægustu verkefni framundan, fyrir utan vinnuna við kjarasamningana. Hún nefnir jöfnun launa milli opinberra starfsmanna og fólks á almennum vinnumarkaði. „Þegar farið var í jöfnun lífeyrisréttinda milli opinberra starfsmanna og fólks á almennum vinnumarkaði fengum við loforð um að launin yrðu líka jöfnuð. Launamunurinn hefur verið áætlaður um 17% að jafnaði. Það er eitt af stóru verkefnum. Síðan leggjum við áherslu á launaþróunartryggingu þannig að ef það verður launaskrið á almennum markaði þá fáum við það bætt upp. Við erum með samkomulag um það. En við þurfum að vera örugg um að það verði áfram tryggt enda allra hugar að minnka sveiflurnar og átökin á vinnumarkaði. Síðan lagði þingið okkar mikla áherslu á styttingu vinnuvikunnar sem hefur verið eitt af stóru baráttumálum BSRB á undanförunum árum og verður það án efa áfram.“

Hún segist vona að ekki komi til verkfalla. „En ef fólk upplifir ekki að það sé að ná fram því sem það telur sanngjarnt og að því sé ekki sýnd virðing í kjaraviðræðum, þá held ég að þorri okkar félaga verði tilbúinn að fara í átök“, segir Sonja Ýr Þorbergsdóttir, nýr formaður BSRB að lokum.

Ofbeldi og einelti í heimi vinnunnar

EFTIR RÚT RAGNARSDÓTTUR

Í sumar varð höfundur þeirrar lukku aðnjótandi að fá að upplifa árlegt þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í Genf í Sviss. Eitt af málafnum þingsins í ár var að fjalla um og koma á, alþjóðasamþykkt gegn ofbeldi og einelti í heimi vinnunnar. Löng og ströng nefndarstörf skiluðu þeim árangri að þjóðir heimsins, ríkisstjórnir, atvinnurekendur og verkafólk munu á næsta ári vonandi gefa út nýja samþykkt í nafni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Höfundur var nemandi í Genfarskólanum en hann er félagsmálaskóli á vegum norrænu verkalyðshreyfingarinnar sem hefur það hlutverk að kynna starfsemi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar - ILO og alþjóðavinnumálaþingið - ILC. Upplifunin var bæði afar lærdómsrík og áhugaverð. Eins var hún bæði ljýjandi, bráðskemmtileg og þroskandi.



Alþjóðavinnumálaþingið - ILC

Þingið vinnur að og býr til samþykktir fyrir alþjóðlegan vinnumarkað til að fara eftir. Þingið er jafnframt vettvangur til umræðu um öll meiriháttar málafni er varða vinnuvernd. Þingið samþykkir einnig fjárhagsáætlun Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og velur stjórnendur.

Hvert aðildarríki útnefni sendinefnd sem samanstendur af tveimur fulltrúum ríkisstjórna, einum fulltrúa vinnuveitenda og einum fulltrúa launafólks ásamt ráðgjöfum og sérfaðingum. Margir fulltrúar ríkisstjórna eru ráðherrar sem bera ábyrgð á vinnumarkaði í eigin löndum. Atvinnurekendur og fulltrúar launafólks eru tilnefndar í samráði við fulltrúa samtök atvinnulífs vinnuveitenda og starfsmanna. Sérhver fulltrúi hefur sömu réttindi og allir geta tjáð sig frjálst og kosið eftir eigin sannfæringu.





Alþjóðavinnumálastofnunin - ILO

Alþjóðavinnumálastofnunin var stofnuð árið 1919 og er ein af stofnunum Sameinuðu þjóðanna. Stofnunin vinnur að alþjóðlegum vinnumarkmiðum, félagslegri vernd launafólks og atvinnutækifærum fyrir alla. Alþjóðavinnumálastofnunin telur 187 aðildarríki sem vinna saman í einstöku þríhliða samstarfi þar sem launafólk, vinnuveitendur og ríkisstjórnir vinna saman til að ná fram mikilvægum markmiðum til hagsbóta í heimi vinnunnar.

Ofbeldi og einelti

Ofbeldi og einelti eru mál sem hafa átt sér stað um allan heim í mjög langan tíma. Skýrslur um þetta efni eru mjög truflandi; yfirmenn sem krefjast kynferðislegra greiða fyrir launahækkunar, kynþáttafordómar og fólk sem látið hefur lífið vegna áreitni sem leiddi til ofbeldis. Á grundvelli umræðunnar var ákveðið að það væri kominn tími til að grípa til aðgerða.

Árið 2015 ákvað Alþjóðavinnumálastofnunin að eitt af umræðuefnum Alþjóðavinnumálaþingsins 2018 skyldi vera: „Ofbeldi og áreitni í heimi vinnunnar“.

Umræðan sem fram fór var um allar hliðar ofbeldis og eineltis. Rætt var um kynbundið áreiti og kynbundið ofbeldi, einelti á Netinu, einelti á vinnustað, heimilisofbeldi, bæði innan fjölskyldu og gagnvart starfsfólki.

#Metoo hreyfingin sem hófst árið 2017 hefur svo varpað enn skýrara ljósi á öll þessi mál og sannað hversu brýn og þörf umræðan er. Enn þarf að gera betur og slaka hvergi á. Umræðan má ekki þagna.

Samþykktir og tilmæli

Alþjóðlegar samþykktir og tilmæli eru lagaleg töl sem aðildarríkin hafa komið sér saman um og þessi töl notar Alþjóðavinnumálastofnunin sem og ríkisstjórnir, vinnuveitendur og verkafólk. Þær eru settar fram sem grundvallarreglur og réttindi á vinnustöðum um allan heim. Samþykktir eru bindandi alþjóðasamningar sem kunna að vera fullgildir af aðildarríkjum en tilmæli eru meira sem viðmiðunarreglur. Í mörgum tilfellum eru það þessar grundvallarsamþykktir sem leggja grunninn að lagasetningu fullgildingar ríkjanna. Oft koma fram tilmæli til viðbótar við gildandi samþykktir sem eru þá hugsuð til að veita ríkjum nánari leiðbeiningar um hvernig hægt sé að koma öllu í framkvæmd. Tillögur geta einnig verið sjálfstæðar, þ.e. ekki tengdar neinum samningum.

Af hverju samþykkt?

Samþykkt er lagalega bindandi alþjóðasamningur sem öll aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar geta fullgilt. Þess vegna er það svo mikilvægt fyrir launafólk að ýta á nýjan samning um þetta mál. Það þarf að senda skýr skilaboð til ríkisstjórna, atvinnurekenda og alls launafólks. Skilaboðin



sem þurfa að vera öllum ljós er að ofbeldi og áreitni sé aldrei samþykkt, sama í hvaða landi vinnan fer fram eða um hvers konar vinnu er að ræða. Það þarf að tryggja að allt verkafólk geti ferðast öruggt til og frá vinnu og sé öruggt á sínum vinnustað. Mikilvægasti hluti þessarar umræðu sem fram fór á þinginu var að ná sátt um nýja alþjóðasamþykkt sem flest aðildarríki geta fullgilt. Samþykktin þarf að vera bæði sterk og með skýra sýn á hvað ofbeldi og áreitni er. Þess vegna þarf einnig að fylgja henni eftir með tilmælum til að gefa leiðbeiningar til stjórnvalda um hvernig á að fullgilda samþykktina bæði í landslögum, í kjarasamningum og vinnumarkaðsákvæðum.

Félagsleg umræða

Félagsleg umræða felur í sér allar gerðir samningaviðræðna, samráðs eða upplýsingaskipta milli eða meðal almennings, ríkisstjórna, vinnuveitenda og launafólks. Félagsleg umræða getur til dæmis snúist um sameiginleg málefni í tengslum við efnahags- og félagsmálastefnur aðildarríkja. Það eru mismunandi gerðir af félagslegri umræðu. Til dæmis,

(þríhliða): þar sem ríkisstjórnir, vinnuveitendur og launafólk eiga hver sína fulltrúa. Eins eru til félagslegar viðræður milli stéttarfélaganna og vinnuveitanda (tvíhliða).

Félagsleg umræða getur átt sér stað á landsvísi, svæðisbundið eða á fyrirtækjasviði. Meginmarkmið félagslegrar umræðu er að stuðla að samstöðu og lýðræðislegri þátttöku meðal helstu hagsmunaaðila í heimi vinnunnar. Félagsleg umræða hefur þá kosti að geta leyst mikið af mikilvægum efnahagslegum og félagslegum vandamálum.

Hvað er næst?

Nefndin um „ofbeldi og einelti gegn konum og körlum í heimi vinnunnar“ hafði mjög knappan tíma og efnið var það umfangsmikið að ekki vannst tími til að fara í í gegnum allt það efni sem fyrir lá. Nefndin fór í gegnum allar fyrirhugaðar ályktanir sem lutu að alþjóðasamþykktinni, en en komst aðeins í gegnum helminginn af efninu um fyrirhuguð alþjóðleg tilmæli. Það þýðir að þau atriði, sem ekki náðist að ljúka við, verða tekin upp aftur í nefnd um sama mál á næsta alþjóðavinnnumálapingi vonandi með góðum árangri.

Í ár starfaði ILO þingið aðeins í tvær vikur í stað þriggja áður og skýrir það þann knappa tíma sem nefndin hafði. Á næsta ári mun þessi nefnd koma aftur til vinnu og og vonandi, í lok næsta þings, verða bæði samþykkt og tilmæli frá Alþjóðavinnnumálastofnuninni um þetta mjög mikilvæga mál til reiðu fyrir aðildarríki til að fullgilda.

Þríhliða samstarf

Þríhliða samstarf er stjórnunarháttur notaður af ríkjum, stofnunum og stórum hagsmunahópum til að ræða meðal annars viðskipti, vinnuafli, ríkisaðstoð og fleira. Alþjóðavinnnumálastofnunin er eina þríhliða stofnunin innan Sameinuðu þjóðanna þar sem ríkisstjórn hefur tvo fulltrúa og vinnuveitendur og verkafólk einn fulltrúa hvor. Þessi þríhliða uppbygging gerir Alþjóðavinnnumálastofnunina að einstökum vettvangi þar sem allir aðilar í efnahagslífi aðildarríkja geta átt frjálsglega og opna umræðu og þróað vinnuskilyrði og mótað stefnur.





Mikil fjölgun og aukið álag

Næstum tvær milljónir gesta í sundlaugum Reykjavíkur fyrstu tíu mánuði ársins

Á undanförnum árum hefur gestum í sundlaugum Reykjavíkur fjölgað verulega. Árið 2014 voru þeir rúmlega ein og hálf milljón fyrstu 10 mánuði ársins, en hátt í tvær milljónir nú, fjórum árum síðar. Fjölgunin hefur verið tiltölulega jöfn í öllum laugunum nema tveimur: Breiðholtslaug og Sundhöllinni. Á báðum stöðum hefur gestafjöldinn tekið stórt stökk en það á sér nærtækar skýringar.

Fyrstu tíu mánuði ársins 2014 voru gestir í Breiðholtslaug um 185 þúsund. Þeim fækkaði lítillega næstu tvö árin, voru 177 þúsund fyrstu 10 mánuði ársins 2016. Árið eftir voru þeir orðnir 314 þúsund og næstum 329 þúsund á fyrstu 10 mánuðum þessa árs. Skýring þessarar fjölgunar er að World Class opnaði líkamsræktarstöð við hlið laugarinnar.

Sundhöllin stækkuð

Miklar breytingar hafa verið gerðar á Sundhöllinni við Barónstíg þar sem m.a. var bætt við laug og pottum á útisvæði. Fyrstu 10 mánuði ársins 2014 voru gestirnir næstum 133 þúsund og 122 þúsund árið eftir, innan við 100 þúsund árið 2016 og ekki nema 52 þúsund árið 2017. Þessa fækkun má ekki síst rekja til framkvæmda. Á fyrstu 10 mánuðum þessa árs voru gestirnir aftur á móti um 295 þúsund, bæði vegna lengri opnunartíma en ekki síður vegna aukinna vinsælda í kjölfar breytinganna. Auknum fjölda gesta fylgir eðlilega meira álag á starfsfólk, eins og fram kemur í máli Rúnars Sigurfinnssonar, trúnaðarmanns starfsfólks í Sundhöllinni.



Stundum verður að notast við handapat

segir **Rúnar Sigurfinnsson**,
trúnaðarmaður starfsfólks
Sundhallarinnar



Rúnar Sigurfinnsson er trúnaðarmaður starfsfólks í Sundhöllinni við Barónsstíg. Hann hefur starfað í Sundhöllinni frá árinu 2010 en var í byggingavinnu fram að efnahagshruninu.




Rúnar segir að laugin sé opin lengur eftir breytingarnar en fyrir þær. Áður hafi verið opið frá 8-10 fjóra daga vikunnar, eða til 8 á föstudögum, 4 á laugardögum og til klukkan 6 á sunnudögum. Nú sé opið til 10 öll kvöld. Hann segir jafnframt að það hafi orðið gríðarleg aukning sem skýrist af bættri aðstöðu og fjölgun ferðamanna. Áður hafi verið á milli 11 og 12 þúsund gestir á mánuði en nú séu þeir um 30 þúsund. Þetta hafi haft í för með sér aukið álag á starfsfólk. „Við vorum fjögur á vakt fyrir stækkun. Þegar við opnuðum eftir breytingar þá vorum við sex. Þá var gríðarlegt álag á okkur“, segir Rúnar. „Fljótlega gripu yfirmenn inn í og bættu sjöunda starfsmanninum við, eftir klukkan sex, síðdegis. Við erum sátt með það fyrirkomulag, að minnsta kosti ég.“

Rúnar segir þessa fjölgun duga vel, bæði til að anna stærra vinnusvæði og fjölgun gesta. „Stundum er fólk auðvitað þreytt eftir annasamar vaktir en er það ekki í flestum störfum? Líklega hefur álagið aukist mest í afgreiðslu og á baði. Gestum hefur snarfölgað en það er bara einn að selja miða. Annars hlaupum við til og hjálpum þegar fjöldinn er mikill.“



Að sögn Rúnars hefur kúnnahópurinn breyst á undanförunum miss-erum. Þeir sem hafi komið fyrir breytingarnar komi enn, en viðbótin sé mikil og það sé ólíkur hópur. „Ég hugsa að um 20% gestanna séu ferðamenn“ segir Rúnar. „Þeir koma helst á morgnana og á kvöldin en það fer dálítið eftir veðri. Ef það er vont veður, t.d. á kvöldin, þá koma þeir til okkar. Þá er stundum búið að aflýsa einhverju sem stóð til að gera svo sem eins og að skoða norðurljós. Það er oft mikil upplifun fyrir útlendinga að koma hingað, að geta staðið lengi í sturtu, farið í heita potta og slíkt. Stundum þarf að leiðbeina fólki varðandi böðunina en það gengur oftast vel. Við erum með upplýsingar á ýmsum tungumálum og flestir starfsmenn tala einhverja ensku og sumir meira. Oft kemur fólk sem talar ekkert af þessum málum og þá verður bara að nota handapat. Það bjargast nú yfirleitt alltaf“, segir Rúnar að lokum.



Töfraði fram hátíðarmat á hálf tíma



Matgæðingurinn

Bryndís Björk Saikham, sem eldaði ofan í blaðamann að þessu sinnu, er thailensk að uppruna. Hún segir Thailendinga ekki gera mikið af því að halda stórar hátíðir eins og jól og þeir haldi ekkert endilega upp á afmæli heldur. Þess vegna sé ekki hægt að benda á einhvern sérstakan rétt og segja: Þetta er thailenskur jólamatur, eins og margir Íslendingar nefna rjúpu eða Hamborgarhrygg. Hér spilar auk þess inn í að sögn Bryndísar, að á Thailandi eru margskonar trúarbrögð og hátíðir taki mið af því.

Bryndís flutti til Íslands árið 1988. Hún á íslenskan mann og tvö börn með honum, fædd 1995 og 2002. Auk þess á hún tvö uppkomin börn sem búa í Bandaríkjunum. Fjölskyldan býr skammt frá Selásskóla í Reykjavík, þar sem Bryndís vinnur í mótuneytinu.

Bryndís segir allt hráefni í þennan rétt fást á Íslandi. Hér sé að finna nokkrar verslanir sem sérhæfi sig í austurlenskri matvöru. Hægt sé að fá karríþykknið (paste) tilbúið í handhægum pakkningum. Það einfaldi matseldina, þótt hægt sé að gera allt frá grunni. Það taki þó talsvert lengri tíma og geti kostað meiri útsjónarsemi í að útvega hráefnið. Hún sýnir blaðamanni jurt í eldhúsglugganum og leyfir honum að bragða á.

Meðan blaðamaður sat í eldhúsinu hjá Bryndísi galdraði hún fram gómsætan kjúklingarétt sem myndi sóma sér sem aðalréttur á hvaða hátíð sem er, án þess að nota þurfi allan daginn í matseld.

Uppskrifin er meðfylgjandi.

Fljótlegur thailenskur hátíðarkarriréttur að hætti Bryndísar

Uppskrifin er fyrir 8-10 manns, en auðvelt er að aðlaga hana að öðrum fjölda.

Hráefni

- 1 kg. kjúklingabringur
- 400 ml. kókoshnetumólk (má nota rjóma í staðinn)
- 4 matskeiðar ostrusósa
- 2-3 matskeiðar soyasósa, t.d. með sveppabragði
- hálf teskeið sykur
- Vatn
- 100 grömm af gulu karrípaste (þykkni)



Hægt er að bæta við Bambusspírum, lauk, kartöflum, broccoli, blómkáli og lítills háttar basil í lokin. Ekkert af því er nauðsynlegt, en fer eftir vilja hvers og eins. Í þeirri útgáfu uppskriftarinnar sem hér var elduð voru nokkrar kartöflur notaðar, skornar í teninga.

Byrjað er á að skera kjúklinginn í litla bita. Síðan er rúmlega helmingur af kókoshnetumjólkinni (eða rjóma) sett á pönnu og hitað (munið að hrista kókoshnetumjólkina vel áður). Þegar vökvinn er farinn að þykkna er karríþykknið úr pakknum sett út í og hrært vel í. Kjúklingnum og kartöflunum er bætt við, ásamt afgangnum af kókoshnetumjólinni. Ostrusósunni og soyjasósunni, ásamt sykrinum er bætt út í. Þetta er látið krauma saman í nokkrar mínútur. Að lokum er allt sett í pott og bætt við dálitlu af vatni. Þetta er látið malla í um það bil 15 mínútur, við meðalháan hita. Gott er að hafa lokið á, en hafa rifu, þannig að vatnið gufi upp.

Borið fram með soðnum hrísgrjónum.

Páskaúthlutun í Spánaríbúðir



SFR á nú tvær eignir á Spáni. Önnur þeirra er 4ra herbergja raðhús í Quesada sem hefur verið í útleigu síðan í sumar og hin er Penthouse íbúð við Los Arenales ströndina sem kemur í útleigu fljótlega.

Hægt er að sækja um páskaúthlutun í orlofsíbúðirnar á Spáni fram til miðnættis 10. janúar næstkomandi á Mínum síðum. Úthlutað er 11. janúar eftir hádegi. Úthlutunartímabilin yfir páskana verða frá

7. - 17. apríl og 17. - 28. apríl.

**Upplýsingar um
íbúðirnar má finna
á vef SFR, www.sfr.is**



Umsóknarfrestur til þess að sækja um íbúð Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar á Spáni er til og með 3. janúar 2019. Úthlutun mun fara fram 4. janúar.

Til leigu verða vikurnar:

13. - 20. apríl 2019

20. - 27. apríl 2019

Leiguverð pr. viku er kr. 55.000 og punktafrádráttur eins og á sumarhúsum um páska.

Breytingar á áður auglýstum dagsetningum er vegna flugdaga til Alicante á þessum tíma.

Sótt er um á orlofsvef strv.is

Afleiðing af sveltistefnu stjórnvalda

Stuðningsfulltrúar í sumum framhaldsskólum verða af margvíslegum starfstengdum réttindum vegna tímabundinna ráðninga

Í langflestum tilvikum er starfsfólk skóla í föstu ráðningarsambandi allt árið, þótt hlé á formlegu skólahaldi séu yfirleitt lengri en sem nemur hefðbundnu sumarfríi. Starfsfólk á skrifstofum og ýmsir starfsmenn eru við störf en samningar kennara eru þannig að þeir vinna af sér sumartímann á meðan skólahald stendur yfir.

Einn hópur starfsfólks í sumum framhaldsskólum er þó undantekning frá þessari reglu, þ.e. stuðningsfulltrúar. Þeir eru yfirleitt ráðnir einungis þann tíma ársins sem nemendur eru í skólanum. Sumir eru skráðir atvinnulausir þann tíma sem þeir eru ekki í vinnu í skólanum. Þetta fyrirkomulag hefur óhjákvæmilega áhrif á ýmis starfstengd réttindi þeirra.

Verða af réttindum

Frá rétti til atvinnuleysisbóta dregst sá tími sem orlof er greitt út og orlof frá fyrra tímabili verður að klára áður en réttur til atvinnuleysisbóta skapast. Starfsmaðurinn á ekki rétt á að fá greidd laun, veikist hann í orlofinu, né heldur á því tímabili sem kalla má „dauða tímann“. Dæmi eru um að á nýjum ráðningarsamningi tímabundinnar ráðningar sé



Það er misjafnt hvernig ráðningarsambandi við stuðningsfulltrúa er háttað í framhaldsskólum landsins. Í Flensborgarskólanum eru t.d. fjórir stuðningsfulltrúar, allir í 100% starfi, með fastráðningu.

viðkomandi á reynslutíma fyrstu þrjá mánuði nýrrar ráðningar. Á „dauða tímanum“ ávinnur starfsmaðurinn sér hvorki veikindarétt né starfseynslu og bæði orlofsuppbót og desemberuppbót eru skertar.

Í Fjölbrautarskóla Suðurnesja eru tveir stuðningsfulltrúar í vetur sem búa við þetta ástand og tveir starfsmenn í mötuneyti að auki. Að sögn Kristjáns Péturs Ásmundssonar, skólameistara FS, er þetta ekki gott fyrirkomulag „en þar sem okkur er naumt skammtað fé verðum við að horfa í hverja krónu í rekstrinum. Við

höfum engin verkefni til að setja þessa starfsmenn í.“ Að sögn Kristjáns felst starfið einkum í að fylgja nemendum sem þurfa aðstoð við athafnir daglegs lífs. „Þeirra vinna er bara fram í maí. Þegar prófin eru búin, þá fara nemendurnir. Sama gildir um starfsmennina í mötuneytinu. Þegar nemendurnir eru farnir, þá lokar mötuneytið.“

Boðið upp á val

Kristján segir að þessu starfsfólki hafi verið boðið að velja milli þess að vera í 100% starfi þann tíma sem nemendur eru í skólanum, eða að starfinu væri deilt niður á allt árið. „Þá væri starfsmaðurinn á launum allt árið, en í lægra starfshlutfalli. Einn af okkar starfsmönnum hefur valið þessa leið,“ segir Kristján.

Kristján segir jafnframt að það sé í rauninni ekki ljóst fyrr en í upphafi skólaárs hversu marga stuðningsfulltrúa þurfi þann veturinn. Hann segist samt aldrei hafa lent í vandræðum með að fá fólk í þessi störf. „Fólk veit af þessum annmörkum“ segir Kristján, „og það skilur stöðuna sem skólinn er í. Svona fyrirkomulag hefur verið lengi hjá okkur. Þetta hefur alltaf gengið, þótt ráðningin sé takmörkuð og tímabundin og okkur hefur haldist vel á fólki. Fyrir fólk er þetta ekki það besta en við getum ekki boðið upp á neitt meira eða betra, því miður“, segir Kristján Pétur að lokum.



Í vetur eru tveir stuðningsfulltrúar í Fjölbrautarskóla Suðurnesja og tveir starfsmenn í mötuneyti til viðbótar sem búa við þetta ástand. Skólameistarinn segir þetta ekki gott fyrirkomulag, en starfsmennirnir verða af ýmsum starfstengdum réttindum.

Sungið dattu á jólaballi SFR og St.Rv.

Gleðin var við völd á árlegu jólaballi SFR og St.Rv. í Gullhömrum. Dansað var í kringum jólatréð og sungið dattu með jólasveinunum sem létu ekki sitt eftir liggja og settust á gólfíð til að geta talað við börnin, þrátt fyrir að vera stíðir.



Myndagáta



Greinar munur er gerður á grönnum og breiðum sérhljóðum sem og i og y.

▼ **Lausn krossgátu 3. tbl. 8. árgangur**



HÖFUNDUR BH • KROSSGATTUR.GATUR.NET	KLAKI	↓	ÁFANGI	↻	VERSUN	B	T	ÁTT	S	A	SKIL	B	I	L	BODAFÖLL			
	↓	S	M	O	L		UTASTUR	Y	S	T	U	R	Í RÖÐ	1	Á	B		
	FÁLM	P	A	5	T	FROST-SKEMMD FYRIRBÖÐI	K	A	L	SNÖGGUR	S	N	A	R	MARDAR-DYR	R		
	MÆLI-EINING									TVEIR EINS								
	↓	K	A	R	A	T	HÁR	U	L	L	SNJÓ	S	N	Æ	V	I		
											AFANGUR							
	TVEIR EINS	G	G	VERNDARI	E	N	G	I	L	L	SLEPJA	S	L	Í	M			
	SNÍKI			BLÆÐI							SELLU							
	↓	B	E	T	L	I	NÚMER	N	R	Í VAFI	E	F	I	N	S	MÖGLA		
							HAND-FESTAN			VEFENGJA								
			T	ÖSVIKINN	E	K	T	A	KOPAR			2	ANGAN		I	L	M	
				TELJA					ÖNN		E	I	R	KYRRÐ				
	MERKJA	T	3	Á	K	N	A	FÖRNAR-GJÖF	O	F	F	U	R	SAMTÖK	A	A		
	SEIÐI							ÞRÆLKUN						LÍFFÆRI				
	↓	S	Í	L	I	ÞUKLA	K	Á	F	A	MÆLI-EINING	M	Ó	L	HNETU-MASSI	L		
						FRUMEFNI					TILVIST							
			↻		Í	→		V	I	N	N	S	L	U	MEIN	U	N	D
			FET												ÁSAMT			
ERFIÐA	S	T	R	E	Ð	A	GOLF ÁHAÐ	4	T	Í	VELTA	S	N	Ú	A			
PÖLL							KVÍ-SPENDÝR				HYLUR							
↓	S	K	A	U	T	TVEIR EINS	U	U	FÁNI	F	L	A	G	G	RÖST			
						SARG			DRULLA									
		R	HNÝSA	S	N	U	Ð	R	A	AUMINGI	Ó	M	A	G	I			
			SKST.							ÓEFNENDUR								
SAMKVÆMT	E	F	T	I	R	ÁMA	T	U	N	N	A	TIL	A	Ð				
HÆRRI																		
↓	E	F	R	I	FÚS	G	J	A	R	N	TÖNN	N	Ó	T	A			

ÁRÁTTA



Vinningshafi krossgátunnar

Nafn **Jónínu Sigurjónsdóttur** var dregið úr réttum innsendum lausnum vegna krossgátunnar í þriðja tölublaði. Lausnarorðið var **ÁRÁTTA**. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem hún vinnur og hún segist alltaf setjast yfir krossgátuna þegar blaðið berst, ásamt systur sinni. Þær geri þetta saman og þær geri þetta oftast á einni skemmtilegri morgunstud. „Þetta er ótrúlega skemmtilegt,“ segir Jónína, „ég var að lesa stjörnuspána mína í gær og þar segir að ég verði fyrir fjárhagslegu happi. Þarna er það komið“. Jónína segist ætla að bjóða bóndanum í bústað og væntanlega fleirum úr fjölskyldunni. „Vonandi snjóar ekki, því síðast þegar við ætluðum í bústað, þurftum við að fresta því. Maðurinn vinnur við snjómokstur og gat ekki farið frá.“ Jónína er félagsliði og starfar hjá VISS - vinnu- og hæfingarstöð í Þorlákshöfn.

 SUDOKO

	8						1	3
	7		3	8	5	9		
4	6		1			7		8
5	3			2				
8		7		5		1		2
				4	1		7	
						6		
			5		6		4	1
		8	4					

L'ètt

9		7			1			
				7	8			
4	8		2	3				
				5				
8		6					3	
2		9					5	8
						2		
1					2		4	
	2		5			9		6

Miðlunag

	5			4				3
			7			4		
8	7			9				
	3	9						
5		8	3					6
2		1						
4	9							1
		5	1					
	1		6				9	7

Erfiðari

MYND: CLARA (CC BY 2.0)						HELDUR	MÆLI-EINING	SVELG	↻	FUGL	↻	MÆLI-EINING	DJÚPLEIÐ	SNJÓ-HRUGA
					BURST-ORMUR		8				FORMÓÐIR			
					SPÖNG									
					↻			UM-TURNUN						
								PFN.						
					BÓK-STAFUR				MILLJÓN			7		
HÖFUNDUR BH • KROSSGATUR.GATUR.NET														
		↓	ÖRK	↻	BRASKA		4				TOGVINDA			
			DÍÐA		TVEIR EINS						SÝNI			
	HALLAST							PFN.	NÚNA				3	TUNGU-MÁL
	SJOKK							VATNA-HVELJA					RÁNDÝR	SPIL
	ÆVINLEGA							SKRAFA						
	↻				ANGRA				BURSTUN			2		
					ÍLÁT				EINS					
	SVELL			SVEIGUR						AD BAKI				
	UNDIREINS			RANGL						ATORKA				
	↻					NASL						ÞEI		
						EFNI						HLJÓÐFÆRI		
			TALA					SKÓLI				FJÖL	1	
			ESPA					ADALS-TITILL				HVÍLD		
	MÖGLA			5				MAULA					ÁTT	
		▼						TAFL					RÓTAR-TAUGA	
	TVEIR EINS			ELDHÚS-ÁHALD					RÆÐU-STÖLL					LIFNA
				TRUFLUN					RÁÐAGERÐ					
	ÓKYRR					KNÆPA				SKÝRA FRÁ				KLAUSTUR-BÚI
	NÝLEGA					HOPA				AF-HENDING				
	↻				MÍÐJA							HRÆÐA		
					Í RÖÐ							DRYKKUR		
			VIÐUREIGN			6			TÍÐUM			UMFRAM		
			FLOTT						PÚKA			HYGGJA		
	ÞJÁLFAÐUR							FRAM-BURÐUR					ÓNEFNDUR	
								KÚGUN					PFN.	
	TUGUR				MÓTA						MINNKA			
	INN-HEIMTA								SKRÖKVA					

Verðlaunakrossgáta. Krossgátan er fastur liður í Blaði stéttarfélaganna, félagsmönnum vonandi til ánægju. Hægt er að senda inn réttar lausnir og dregið verður úr þeim sem berast fyrir síðasta móttökudag, sem að þessu sinni er 20. janúar næstkomandi. Verðlaunin eru val á milli peningaupphæðar (12.000 kr.) eða helgardvalar í orlofshúsum félaganna frá 15. september til 1. maí að undanskildum, páskum, jólum og áramótum. Nægilegt er að senda svarið ásamt nafni, kennitölu, heimilisfangi og símanúmeri til SFR eða St.Rv., Grettisgötu 89, 105 Reykjavík. Vinsamlegast merkið umslagið „Krossgáta.“ Einnig má senda svar á netfangið krossgata@bsrb.is.



LSR

Lífeyrisréttindin þín

Þekkir þú réttindi þín hjá **LSR**?

- Ellilífeyrir ævilangt
- Örorkulífeyrir komi til tekjutaps vegna sjúkdóms eða slyss
- Maka- og barnalífeyrir
- Viðbótarlífeyrissparnaður

Vertu velkomin(n) í ráðgjöf
um lífeyrismál.



Lífeyrissjóður
starfsmanna ríkisins

Engjateigi 11
105 Reykjavík
Sími: 510 6100
lsr@lsr.is

www.lsr.is